

Stokkseyrarsel 2/5/2010

Rammaáætlun
c/o Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Athugasemdir við rammaáætlun

Hvernig niðurstöður rammaáætlunar verða túlkaðar af hinum ýmsu stjórnvaldsstigum hefur gríðarlega mikla þýðingu um framvindu umhverfis- og náttúruverndarmála á Íslandi. Rammaáætlun getur í núverandi mynd ekki talist endanlegt skjal, nein heildarlausn, og ætti ekki að ná út fyrir önnur lög um sem gilda friðun svæða þar sem vinnanlega orku er að finna. Rammaáætlun á ekki að koma í stað mats á umhverfisáhrifum. Varhugavert er að líta á niðurstöður hennar út frá einhverri normalkúrfu, þ.e. hæstu einkunn á að vernda, miðflokk af skoða nánar og lægstu einkunn að virkja þrátt fyrir að það sé kannski megin hugsunin með áætluninni. Forsendur fyrir því hvaða svæði voru valin til röðunar og hvernig þau voru valin koma í veg fyrir að hægt sé að nýta niðurstöður rammaáætlunar á þann veg. Þó er eðlilegt að röðun sé notuð til hliðsjónar þegar skoða á möguleikana á nýtingu orkusvæða. Þar sem friðlýst svæði eru tekin með í röðuninni þá væri augljóst að núverandi orkuvinnslusvæði ættu að vera þar einnig, enda hefur verið orðuð sú krafa að taka beri niður stíflur t.d. í Soginu eða Laxá í Aðaldal. Þessháttar verkefni eru að verða nokkuð algeng í ám þar sem stíflur hafa haft mikil áhrif á lífríki, t.d. hamlað gönguleiðum laxfiska, bæði í Evrópu og N-Ameríku, og hafa íslenskir aðilar komið að nokkrum af þessum verkefnum.

Ég myndi álíta að einkunn en ekki röðun ætti að ráða við lokaúrvinnslu rammaáætlunar. Einkunn og röðun eru að sjálfsögðu skyld fyrirbæri, en þar er þó nokkur munur á þar sem einkunn er ávísun á verndargildi, en sæti í röðun er háð fjölda virkjunarsvæða sem skoðuð er og hvaða svæði eru tekin með í flokkunina. Ennfremur tel ég varhugavert að gera einhverja meðaltalsröðun úr niðurstöðum mismunandi faghópa og skipa mögulegum orkuvinnslusvæðum í röðun byggt á einhverju meðaltali, vegnu eða ekki á milli faghópanna. Meiri sátt mun nást um rammaáætlun ef einkunn faghópa I og II myndu ráða og þau verkefni sem fá lága verndareinkunn bæði faghóps I og II geta farið í hóp þar sem mögulegt er að veita rannsóknaleyfi og leyfi til að setja framkvæmd í mat á umhverfisáhrifum. Aðeins þegar verndargildið er metið þá má ráða þeim kostum sem eftir eru eftir niðurstöðum faghópa III og IV.

Mjög bagalegt er að ekki er metið í rammaáætlun samfélagsleg áhrif virkjana á ákveðnum svæðum. Því miður þá nær nálgun faghóps III enganvegin utan um þann málaflökk. Efnistöð um samfélagsleg áhrif hefðu þurft öfluga þátttöku almennings og frjálsra félagasamtaka. Ljóst er að víða hefur skapast miklar deilur um fyrirhugaðar virkjanir. Sums staðar, eins og til dæmis í

sveitarfélögunum við Þjórsá, hafa deildur staðið nær samfelld í 40 ár. Deilurnar hafa mótað mjög samfélagið og verið íþyngjandi fyrir íbúa sem þar búa. Meðal þeirra verkefna sem þetta fólk hefur þurft að taka á sig er eftirlit með stjórnvöldum til að sjá til þess að stjórnsýslulögum í landinu sé framfylgt og hefur tilkostnaður fólks á svæðinu verið ærinn í þeim tilgangi. Mat faghópa á virkjunum í neðrihluta Þjórsár er mishátt, en þó ljóst að verndargildi laxastofns er hátt og menningaminjar merkilegar. Hvergi í rammaáætlun er þó tekið tillit til þess að sama hvernig virkjanir í neðri hluta Þjórsár raðast þá hefðu þær mikil neikvæð áhrif á samfélag fólks sem við ána býr til langframa.

Þegar löggjöf er sett byggð á niðurstöðum rammaáætlunar er mikilvægt að hún geri ráð fyrir þeirri staðreynd að í rammaáætluninni er enginn endanlegur heildarsannleikur. Í hana vantar sjónarmið margra hópa sem málið varðar. Ennfremur vantar sjónarmið annarra sérfræðinga, en þeirra sem störfuðu í faghópunum, aðkoma almennings var mjög ábótavant og aðkoma frjálsra félagasamtaka í molum. Þær upplýsingar sem mismunandi faghópar hafa til að gefa mismunandi orkunýtingarsvæðum einkunn er mis mikið af magni og gæðum. Löggjöf má ekki byggja á ónógum upplýsingum, sérlega ekki þar sem sumir faghópar sjálfir kvarta yfir að hafa ekki haft úr nægilegu efni að móða. Þó hefur í sumum faghópunum verið unnið gott starf sem leggur grunn að þeim markmiðum sem lagt var af stað með í upphafi. Rammaáætlun er að mörgu leyti barn síns tíma. Hún er afsprengi þess þjóðfélags sem var hér fyrir bankahrún. Rammaáætlun er skýrsla sem fyrst og fremst þjónar sjónarmiðum orkugeirans, en ekki að sama skapi sjónarmiðum náttúruverndar.

Virðingarfyllt

Ragnhildur Sigurðardóttir,

Stokkseyrarseli